



61. Ársþing HSI haldið í Laugardalshöll

28. apríl 2018

Þingskjal nr: 4

Tillaga um Lög HSI
Flutningsaðili: Laganefnd HSI

V. kafli Stjórn HSI

14. gr. Skipulag stjórnar HSI

Stjórn HSI skipa:

- a. formaður
- b. varaformaður
- c. ~~ritari~~
- c. gjaldkeri meðstjórnandi (fjármál)
- d. formaður markaðs- og kynningarnefndar
- e. formaður dómaranefndar
- f. formaður fræðslu- og útbreiðslunefndar
- g. formaður landsliðsnefndar karla
- h. formaður landsliðsnefndar kvenna
- i. formaður mótanefndar

...

VI. kafli Nefndir HSI

19. gr. Fastanefndir

Stjórn HSI skal að loknu handknattleiksþingi skipa eftirtaldar fastanefndir:

- a. aganefnd
- b. búninganefnd
- c. deildarnefnd
- d. dómaranefnd
- e. fræðslu- og útbreiðslunefnd
- f. heiðursmerkjanefnd
- g. laganefnd
- h. landsliðsnefnd karla
- i. landsliðsnefnd kvenna
- j. læknanefnd
- k. mótanefnd
- l. móttökunefnd
- ~~l.m.~~ markaðs- og kynningarnefnd

...

31. gr. Markaðs- og kynningarnefnd

Markaðs- og kynningarnefnd skal hafa umsjón með markaðs- og kynningarmálum HSÍ.

Rökstuðningur:

Breytingin er tvíþætt.

Í fyrsta lagi er verið að breyta heitinu gjaldkeri í stjórn í meðstjórnandi með ábyrgðarsvið fjármál innan stjórnar. Með þeirri breytingu er gegnsærra hvert hlutverk viðkomandi er innan stjórnar en viðkomandi aðili hefur eftirlitsskyldu að gegna gagnvart bókhaldi sambandsins sem og reikningum.

Í öðru lagi er verið að fella niður stöðu ritara innan stjórnar enda hefur sú staða ekki verið virk í eðli sínu. Þess í stað er stofnuð markaðs- og kynningarnefnd og mun formaður þeirrar nefndar fá sæti í stjórn. Tilgangur nefndarinnar er að veita skrifstofu HSÍ stuðning í markaðs- og kynningarmálum.